



Aðalfundur

Haldinn 17. apríl 2015

Ársskýrsla

Ársskýrsla FNS

2015

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 17.apríl 2015

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar og fagráða.
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn að Öldugötu 23 í Reykjavík þann 29. apríl 2014. Fundarstjóri var Ketill G. Jósefsson. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefnda voru færðar þakkir. Á fundinum var samþykkt að setja á laggirnar nýja nefnd sem fær það hlutverk að skoða sérstaklega stéttarfélagsmál FNS. Boðið var upp á veitingar í lok fundar.

Ágústa Björnsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, Gréta Matthíasdóttir, Háskólanum í Reykjavík, og Unnur Símonardóttir, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, voru endurkjörnar í stjórn. Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálastofnun, og Olga Sveinbjörnsdóttir, Vallaskóla, voru kjörnar nýjar í stjórn. Helga Helgadóttir, Hraunvallaskóla, var áfram formaður félagsins.

Úr stjórn gengu Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, og Anna Sigurðardóttir, Myndlistaskólanum í Reykjavík/Mími.

Elísabet Pétursdóttir, Kópavogsskóla, Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir, Vinnumálastofnun, Lena Dögg Davíðsdóttir, Blindrabókasafni, Sigríður Birna Bragadóttir, MH, og Helga Lind Hjartardóttir, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, gáfu kost á sér í fræðslunefnd.

Úr fræðslunefnd gengu: Kristín Birna Jónasdóttir, Endurmenntun HÍ, Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, Námsflokkunum, Ásdís L. Grétarsdóttir, Hagaskóla, og Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálastofnun.

Fulltrúum í stjórn og fræðslunefnd eru færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötul og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

- Hrönn Baldursdóttir, FÁ, og Hildur Halla Gylfadóttir, MS, í kjaranefnd framhaldsskóla.
- Birna Hilmarsdóttir, Víðistaðaskóla, og Agnes Braga Bergsdóttir, Brúarskóla, í kjaranefnd grunnskóla.
- Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Landbúnaðarháskólinn á Hólum, og Hildur Katrín Rafnsdóttir, HÍ, í kjaranefnd háskóla.
- Katrín Magnúsdóttir, Vinnumálastofnun, og Lilja Þorkeldsdóttir, Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar, í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
- Jónína Ólafsdóttir Kárdal, HÍ, Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, Soffía Valdimarsdóttir, Lágafellsskóla, og Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, í rit- og heimasíðunefnd.
- Helga Tryggvadóttir, Vestmannaeyjum, Guðrún Thorsteinsson, Barnaskóla Eyrabakka/Stokkseyrar, og Olga Sveinbjörnsdóttir, Vallaskóla, í fagráði grunnskóla.
- Herdís Zophaníasdóttir, MA, Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskólanum, og Unnur Símonardóttir, FG, í fagráði framhaldsskóla.
- Lóa Hrönn Harðardóttir, Háskólanum í Reykjavík, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, HÍ, og Helga Helgadóttir, HÍ, í fagráði háskóla.
- Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, Iðunni, Kristín Birna Jónasdóttir, EHÍ, og Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálastofnun, í fagráði atvinnulífsins.
- Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, fulltrúi FNS í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
- Helga Helgadóttir, Hraunvallaskóla, Sigrún Garcia Thorarensen, Rimaskóla, Lilja Rós Óskarsdóttir, Mími, og Drífa Sigurjónsdóttir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, í siðanefnd.
- Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, FRAE, og Helga Helgadóttir í stefnumótunarnefnd á vegum MRN f.h. náms- og starfsráðgjafa. Í nefndinni sátu einnig náms- og starfsráðgjafarnir Ketill Jósefsson og Margrét Linda Ásgrímsdóttir, Vinnumálastofnun.
- Ólöf Helga Thor, FB, í Skólamálanefnd framhaldsskóla (FF).
- Inga Þóra Ingadóttir, FMos, í matsnefnd náms- og starfsráðgjafa á vegum MRN, Hildur Katrín Rafnsdóttir, HÍ, til vara.

Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Ágústa Björnsdóttir gjaldkeri og Ásthildur Guðlaugsdóttir, ritari. Gréta Matthíasdóttir, Unnur Símonardóttir, Olga Sveinbjörnsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir, meðstjórnendur. Varastjórn var ekki sérstaklega tilgreind.

Stjórnin hélt 8 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Fulltrúi úr fræðslunefnd var boðaður á alla fundum stjórnar. Stjórn og fræðslunefnd notuðu auk þess rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli. Í upphafi starfsárs boðaði stjórn alla fulltrúa nefnda og ráða FNS á sameiginlegan vinnufund þar sem línur voru lagðar fyrir starf vetrarins. Það er mat stjórnar að slíkur fundur hafi gefist vel og hleypt krafti í starf nefnda og ráða.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári: Dagur náms- og starfsráðgjafar, fræðslumál og verkefni fræðslunefndar, farvegur framhaldsskólakynninga, kjara- og hagsmunamál, vinna við mat á stofnun stéttarfélags fyrir náms- og starfsráðgjafa, endurbætur á heimasíðu FNS, þátttaka í norrænu samstarfi, félagatal og félagsaðild FNS, fjárreiður og félagsgjöld FNS, umsóknir um styrki til FNS, umfjöllun um vefgáttina Næsta skref, samskipti við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, samskipti við menntamálaráðherra, ráðuneyti og fleiri aðila m.a. vegna stefnumótunar um náms- og starfsráðgjöf, rafræn könnun stjórnar meðal félagsmanna á starfsvettvangi, starfsaldri, ráðþegafjölda og dreifingu félagsmanna á landinu, ýmsar ályktanir.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Eitt meginhlutverk Félags náms- og starfsráðgjafa er að efla faglegt starf með því m.a. að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Dagur náms- og starfsráðgjafar, 20. október, hefur verið haldinn hátíðlegur undanfarin ár með þetta að leiðarljósi auk þess sem hann ýtir undir samheldni og fag- og stéttarvitund félagsmanna. Ákveðið var að halda upp á daginn á Akureyri að þessu sinni. Vegleg ráðstefna var haldin í Hofi, menningarhúsi þeirra norðanmanna þann 31. október. Mikill áhugi var á ráðstefnunni en því miður voru þátttakendur færri en til stóð vegna slæms veðurs á sjálfan ráðstefnudaginn. Ráðstefnan bar yfirskriftina Fræðsla og fjör á Akureyri og stóð hún fyllilega undir nafni. Eftir lærdómsríkan dag borðuðu ráðstefnugestir saman góðan mat og áttu saman frábæra kvöldstund. Sjá nánar samantekt frá fræðslunefnd hér neðar.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntun félagsmanna. Eins og segir í lögum FNS er það eitt af

meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarþörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Endurmenntun Háskóla Íslands lagði fyrir könnun árið 2014 um endurmenntunarþörf félagsmanna. Var í kjölfarið boðið upp á námskeið hjá EHÍ sem sérstaklega voru sniðin að þörfum náms- og starfsráðgjafa. Félagsmönnum bauðst jafnframt afsláttur af fjölmörgum öðrum námskeiðum stofnunarinnar. Þá má ekki gleyma námskeiðinu *Lykilþættir í stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf* sem haldið var í samstarfi EHÍ og námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf og þótti takast vel. Fyrirhugað er að halda námskeiðið þann 5. júní í samstarfi við EHÍ og verður áhersla lögð á námstækni í nútímasamfélagi og verkefnastjórn í náms- og starfsráðgjöf. Námskeiðið verður auglýst á næstunni og opið öllum félagsmönnum.

3. Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í maí 2014. Í starfshópnum sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í samstarfi við helstu hagsmunaaðila og einnig að gera tillögur um uppbyggingu stoðkerfis fyrir ævilanga náms- og starfsráðgjöf. Í nýlegri Hvítbók um umbætur í menntun segir að móta eigi heildstæða stefnu í náms- og starfsráðgjöf og sammælast um framtíðarverkefni. Þar er einnig talað um hlutverk náms- og starfsráðgjafa í tengslum við aðgerðir sem tengjast brotthvarfi. Stefnumótunarfundur um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi fór fram 28. nóvember 2014 á Hótel Sögu. Kallað var eftir sjónarmiðum og mati ólíkra hópa sem hafa hagsmuni og tengingar við viðfangsefnið. Fljótlega er von á skýrslu starfshópsins. Mikilvægt er að halda stefnumótunavinnunni áfram eftir að skýrslan kemur út og þrýsta á að það sem fram kemur í henni komi til framkvæmdar.

4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Fræðsludagskrá FNS 2014-2015

10. október: Fræðslufundur um seiglu – resilience-project.eu

Haldinn í húsnæði Mímis að Öldugötu 23 í Reykjavík, þar sem Anna Sigurðardóttir og Björg J. Birgisdóttir kynntu verkefni um seiglu fyrir FNS og var mæting mjög góð. Verkefnið er tveggja ára Grundvig verkefni sem er stýrt frá Austurríki. Seigla er virkt ferli í lífi einstaklingsins. Allt sem hann verður fyrir í umhverfi sínu hefur áhrif á mótun hans. Meginmarkmiðið með verkefninu er að auka og stuðla að seiglu auk þess að efla skilning á hugtakinu. Þetta á að gagnast bæði í skólakerfinu og við fullorðinsfræðslu. Afurðir verkefnisins eru leiðbeiningar, verkefnakista (selection box),

persónuprófíll (var þróað í PPS fyrir nokkrum árum) og tölvuleikur (þroskaleikur). Efnið er aðgengilegt á vef verkefnisins: resilience-project.eu.

31. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Ákveðið var að halda daginn hátíðlegan í menningarmiðstöðinni Hofi á Akureyri að þessu sinni. Dagskráin var glæsileg að vanda og mikið í lagt. Vegna veðurs breyttist dagskráin lítillega en ekki var flogið á milli Reykjavíkur og Akureyrar fyrr en seinni part dags og vantaði því bæði nokkra fyrirlesara og gesti. Fundarstjóri var Margrét Björk Arnardóttir. Mætt var í Hof snemma dags þar sem menningarmiðstöðin og Akureyrarstofa voru kynntar. Tveir fyrirlestrar voru fyrri part dags: Guðjón Hreinn Hauksson hélt erindið *Upplýsingatækni í ógöngum? hina eilífa mótsögn*. Guðrún Birna Kjartansdóttir var svo með stutta kynningu á ELGPN og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Að loknum ljúffengum hádegisverði á veitingastaðnum Bistro í Hofi var komið að erindi Sigríðar Huldu Jónsdóttur, náms- og starfsráðgjafa og framkvæmdastjóra SHJ ráðgjafar, *um eftirsóttu færnipætti í atvinnulífi á 21. öldinni*. Í erindinu kom Sigríður inn á margt fróðlegt, m.a. þá þverfaglegu færnipætti sem vinnuveitendur telja mikilvægasta þegar þeir ráða starfsmenn í vinnu á 21. öldinni. Fjallaði hún m.a. um áherslu atvinnurekenda á færnipættina, samspil þeirra og tengingu við starfsánægju, styrkleika og trú á eigin færni. Sigríður Hulda kom einnig inn á starfsánægju og mikilvægi fagvitundar stéttar náms – og starfsráðgjafa.

Að þessu loknu var hægt að velja úr tveimur kynningum. Annars vegar: *Akademísk handleiðsla, aðgerðir gegn brottþvarfi* í umsjón Solveigar Hrafnisdóttur við Háskólann á Akureyri og hins vegar *Forvarnar- og félagsstörf og samstarf við skóla* í Rósenborg sem er möguleikahús og aðsetur samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar. Gunnlaugur Víðir Gunnlaugsson kynnti einnig *Punktinn, úrræði fyrir atvinnulausa unglíngi*.

Að loknum kynningum hittist allur hópurinn á skrifstofu Vinnumálastofnunnar og gerði sér glaðan dag áður en snæddur var sameiginlegur kvöldverður í Hofi.

11. desember: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Næsta skref

Fjóla María Lárusdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá FA kynnti ráðgjafarvefinn Næsta skref en vefurinn hefur verið í þróun hjá FA. Vefurinn er ófullgerður en áfram verður unnið að honum. Að lokinni kynningu var haldið á hamingjustund á Kringlukránni.

23. janúar: Iðan – fræðslusetur

Iðan, fræðslusetur bauð félögum í FNS heim í janúar til þess að kynna starfsemina og hið nýja og glæsilega húsnæði Iðunnar. Heimsóknin var mjög áhugaverð og fræðandi og óhætt að segja að móttökur hafi verið frábærar og nýtt viðmitt sett varðandi þátttöku en um 80 manns skráðu nafn sitt í gestabók Iðunnar.

3. mars: Flensburg – Núvitund

Bryndís Jóna Jónsdóttir kynnti núvitund í daglegu lífi og skólastarfi. Fjallað var um innleiðingu núvitundar í Flensburgarskólanum, sem hluti af Heilsueflandi framhaldsskóla, og árangur af því starfi.

9. apríl: Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Hrönn Baldursdóttir og Sandra Þóroddsdóttir kynntu nám við Fjölbrautaskólann í Ármúla en sérstök áhersla var á nám innan Heilbrigðisskólans. Að kynningu lokinni var aðstaða Heilbrigðisskólans skoðuð.

Mæting var góð á alla viðburði Fræðslunefndar en að lðunni undanskilinni mættu á bilinu 30-40 manns á hverja kynningu. Til þess að auglýsa viðburði var notast við póstlista FNS og Facebook-síðu félagsins.

Mikilvægt er að kynna fræðsluviðburði félagsins betur fyrir nemum í náms- og starfsráðgjöf til að þeir kynnist betur starfi félagsins og má það m.a. gera í gegnum FILIU, félags nema í Náms- og starfsráðgjöf, en félagið er með Facebook-síðu.

Í ljósi þess að félagsmenn starfa um allt land þarf félagið að gera sitt besta til að ná til allra félagsmanna með þá fræðslu sem í boði er. Gott væri að fræðslunefnd hefði tölvu til umráða auk þráðlauss hljóðnema og Skype aðgang til að auðvelda framkvæmd fjárfunda.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim aðilum sem buðu fram tíma og þekkingu sína við að fræða félagsmenn FNS sem og öllum þeim náms- og starfsráðgjöfum á Akureyri, og annars staðar á Norðurlandi, sem lögðu hönd á plóg við að gera Dag náms- og starfsráðgjafar eins glæsilegan og raun bar vitni á Akureyri haustið 2014.

Takk fyrir okkur.

Arnbjörg Matthíasdóttir

Elísabet Pétursdóttir

Helga Lind Hjartardóttir

Sigríður Birna Bragadóttir

Lena Dögg Dagbjartsdóttir

5. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum.

Frá fagráði grunnskóla

Á þessu starfsári boðaði fagráð grunnskólaráðgjafa til fræðslu- og spjallfundar í Valhúsaskóla. Á dagskrá fundarins var: Vinnumatíð (Helga Tryggvadóttir), stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf með áherslu á náms- og starfsfræðslu (Helga Tryggvadóttir) og áætlun í náms- og starfsfræðslu (Olga Sveinbjörnsdóttir). Einnig voru eftirtaldar spurningar ræddar: Starfar þú eftir áætlun í náms- og starfsfræðslu? Taka einhverjir aðrir í skólasamfélaginu þátt í áætluninni? Eru forsendur fyrir því að setja af stað áætlun í þínu skólaumhverfi, í stíl við það sem fram kom í kynningunni? Hvað þarf að breytast? Hvað finnst ykkur um tillögurnar sem beinast að náms- og starfsráðgjöfum, bæði að félaginu og hverjum og einum ráðgjafa?

Um 20 náms- og starfsráðgjafar mættu á fundinn og var hann sendur út á Skype. Á fundinum kom fram að einungis 20% fundarmanna störfuðu eftir áætlun í náms- og starfsfræðslu. Einnig kom fram að víða væri það þannig að skólastjórnendur ráðstöfuðu mjög mikið tíma náms- og starfsráðgjafa og í hvað honum væri varið. Fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að móta skýra stefnu varðandi starfslýsingar með aðkomu náms- og starfsráðgjafa sjálfra þar sem fram kæmi forgangsröðun verkefna. Fram kom á fundinum að náms- og starfsráðgjöfum þætti of mikill tími fara í lausnir á persónulegum málefnum einstakra nemenda á kostnað náms- og starfsfræðslunnar. Fundarmönnum þóttu tillögur sem lagðar voru fram um áætlun í náms- og starfsfræðslu faglega unnar og áhugaverðar en að mikilvægt væri að þær væru unnar af náms- og starfsráðgjöfum en ekki eingöngu af skólastjórnendum.

Frá fagráði framhaldsskóla

Fagráð framhaldsskólans hélt fund á haustdögum. Þar var fjallað um brotthvarfsskimunina sem lögð hefur verið fyrir nýnema í flestum framhaldsskólum. Á fundinn kom Kristjana Stella Blöndal en hún fjallaði um stöðu skimunarinnar og framtíðarsýn. Mjög góð mæting var á fundinn og náms- og starfsráðgjafar um allt land tóku þátt. Í undirbúningi er sameiginlegur dagur framhaldsskólaráðgjafa með vorinu.

Frá fagráði háskóla

Fundur í fagráði háskólastigsins var haldinn í Háskóla Íslands þann 9. mars. Góð þátttaka var á fundinum enda kærkomið tækifæri til að ræða um þau málefni sem efst eru á baugi. Fyrir fundinn voru þrjú meginviðfangsefni ákveðin en þau voru: Móttaka og stuðningur við yngri háskólanema, lagarammi náms- og starfsráðgjafa í háskólum og hlutverk náms- og starfsráðgjafa innan háskólasamfélagsins. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust á fundinum sem heppnaðist í alla staði vel.

Frá fagráð atvinnulífs

Þann 26. mars héldu náms- og starfsráðgjafar í atvinnulífinu fræðslufund. Fundurinn var haldinn hjá lðunni fræðslusetri að Vatnagörðum 20. Á dagskrá voru tvö erindi. Birna Ósk Einarsdóttir framkvæmdastjóri sölu og þjónustusviðs Símans flutti erindið

„Ný kynslóð á vinnumarkaði“ og Sigríður Hulda Jónsdóttir sjálfstætt starfandi náms- og starfsráðgjafi flutti erindið „Eftirsóttir færniþættir í atvinnulífi á 21. öldinni“. Góð mæting var á fundinn en alls mættu 20 manns. Mynduðust góðar og gagnlegar umræður í kjölfarið yfir kaffibolla og léttum veitingum.

6. Kjara- og hagsmunamál

Allar kjaranefndir áttu fulltrúa á sameiginlegum fundi í september árið 2014. Á fundinum var ákveðið að einn fulltrúi frá hverri kjaranefnd tæki þátt í störfum nefndar sem stofnuð var á síðasta aðalfundi með það að leiðarljósi að skoða á hlutlausan hátt kosti og galla þess að stofna sérstakt stéttarfélag náms- og starfsráðgjafa. Helga Tryggvadóttir, náms- og starfsráðgjafi í Vestmannaeyjum, fer fyrir nefndinni. Í kjölfar fundarins var haft samband við Capacent og óskað eftir ráðgjöf þeirra enda hafa þeir reynslu af samskonar vinnu fyrir önnur hagsmunafélög. Stjórn FNS bíður nú eftir tillögu frá Capacent um væntanlega vinnutilhögun og kostnað. Takist samningar við Capacent verður stefnt að því að kynna niðurstöður á aðalfundi FNS árið 2016.

Kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla

Kjaranefnd grunnskóla tók þátt í ofangreindum fundi. Einnig fór fulltrúi frá kjararáði grunnskóla á fund hjá Kennarasambandi Íslands um vinnumatið fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa.

Kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla

Fulltrúar kjaranefndar framhaldsskólastigsins tóku þátt í sameiginlegum fundi allra kjaranefnda og höfðu frumkvæði að því að fá kynningu á vinnumatinu frá Kennarasambandi Íslands.

Kjara- og hagsmunanefnd háskólastigs

Fulltrúi kjaranefndar háskólastigsins tók þátt í sameiginlegum fundi allra kjaranefnda.

Kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífs

Fulltrúi kjaranefndar atvinnulífsins tók þátt í sameiginlegum fundi allra kjaranefnda.

7. Norrænt samstarf

Fulltrúi norræns samstarfs sótti norrænan fund FNSY haustið 2014, sem haldinn var 30. október í Helsinki. Á fundinum voru fulltrúar norrænu landanna að undanskildum fulltrúum frá Grænlandi og Álandseyjum. Hver fulltrúi sagði stuttlega frá þeim málum sem efst eru á baugi í þeirra landi. M.a. var rætt um starfsþjálfunarmál, nám náms- og starfsráðgjafa, ástæður þess hvers vegna nemendur velja síður iðn- og starfsnám og brotthvarf. Ákveðið var einnig að næsti fundur norrænna ráðgjafa yrði haldinn í Finnlandi í apríl 2015, en hugsanlegt að hann verði haldinn í Tallin þar sem löndin við Eystrasalt hafa sýnt áhuga á því að starfa með norrænu samtökunum. Nauðsynlegt er að viðhalda tengslum við náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndum en velta má

fyrir sér hvort samskiptin milli fulltrúa samstarfsins mættu vera meiri milli funda og jafnvel væri markvissari vinna á fundunum sjálfum.

8. Siðanefnd

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, þar af einum úr stjórn félagsins. Á þessu starfsári 2014-2015 eru níu ár liðin frá því að félagið setti sér siðareglur.

Ekki varð af því að siðanefnd færi yfir reglurnar í ár eins og fyrirhugað var m.t.t. þess hvort breyta þurfi þeim eða bæta í takt við nýjungar í starfi og álitamál sem upp geta komið í sambandi við þær en það er vissulega verðugt framtíðarverkefni.

9. Vefsíða FNS

Jónína Ó. Kárdal og Arnar Þorsteinsson höfðu umsjón með vefsíðu félagsins www.fns.is á starfsárinu í samvinnu við ritnefnd og gjaldkera en samhliða því var unnið að uppfærslu félagatals og fyrirhuguðum breytingum á þeirri skráningu. Vefsíða Félags náms- og starfsráðgjafa er sú gátt sem stjórn félagsins og félagsmenn nota til að miðla upplýsingum um það sem helst er að gerast á vegum FNS og á vettvangi. Þær upplýsingar geta höfðað jafnt til félagsmanna sem og almennings og stjórnvalda. Vefsíðan ætti að vera fyrsti kostur hvers félagsmanns til upplýsingaleitar um náms- og starfsráðgjöf. Í vetur hafa verið færðar inn þrjátíu færslur, fréttir og tilkynningar auk fundargerða stjórnar. Þessar færslur sýna þá grósku sem er innan félagsins og tengist því markmiði umsjónarmanna vefsins að auka fréttaflokkning og draga fram upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf héraendis sem og erlendis. Því skiptir máli að félagsmenn nýti sér ekki aðeins vefinn til upplýsingaleitar heldur upplýsi ritnefnd og umsjónarmenn vefsins um álitamál, nýjungar og annað sem gerist á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. FNS er gróskumikið félag og vefurinn á að endurspegla það.

10. Félagatal og félagsaðild

Félagatal FNS taldi 292 félagsmenn í byrjun nýs starfsárs í apríl 2014.

Á þessu starfsári voru 23 félagsmenn nýskráðir á félagatal en 14 félagsmenn voru teknir af skrá vegna ógreiddra félagsgjalda eða óskuðu eftir að hætta. Félagatal FNS telur því 301 félagsmann í apríl 2015.

Töluverð ásókn hefur verið í félagsaðild að FNS og því ber að fagna. Tilvonandi félagsmenn hafa getað óskað eftir inngöngu í félagið með rafrænum hætti á síðu FNS en því miður hafa margir ekki skilað inn staðfestingu á námi eða leyfisbréfi til að

hægt sé að ganga frá endanlegri umsókn. 16 umsóknir eru því enn óafgreiddar á þessu starfsári sökum þess að umbeðnar staðfestingar hafa ekki borist.

Umsjónarmenn félagatals og heimasíðu fóru á fund hjá Emstrum vefsíðugerð sem sér um hönnun heimasíðunnar og óskuðu eftir aðstoð við að koma félagatali, umsóknum um félagsaðild og póstlistamálum í betri farveg. Með skráningu inn á vef heimasíðunnar og þar með inn á lokað svæði verður til prófíll félagsmanns sem síðan myndar grunn að félagatali. Á fundinum fékkst staðfest að hið lokaða svæði inn vefsíðunni er illa nýtt af félagsmönnum. Því var ákveðið að loka þessu svæði. Ákveðið hefur verið að gera félagatalið sýnilegt á heimasíðu FNS og eina leiðin til að uppfæra það er að félagsmenn óski eftir breytingum.

Umsóknarferli um inngöngu í FNS verður líka breytt þannig að ekki verði hægt að ljúka umsókn öðruvísi en að setja í viðhengi leyfisbréf. Lagt er til í lagabreytingum þessa árs að einungis þeir sem framvísi leyfisbréfi verði teknir inn í félagið. Er þetta gert til að einfalda inntökuna, auka áreiðanleika félagatals en í forgangi er að standa vörð um löggildingu félagsmanna. Póstlisti félagsins er sjálfstætt fyrirbæri á vegum Advania og hefur hann nú verið samræmdur félagatali og hafa því eingöngu lögmætir félagsmenn aðgang að honum.

Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Mætti ætla að það væri metnaðarmál félagsmanna að skráning þeirra sé sem réttust og að hún endurspegli menntun og stöðu ásamt upplýsingum um starfsvettvang. Hagræði réttra skráninga felst einnig í því að upplýsingar um fjölda félagsmanna og dreifingu starfa í atvinnulífinu er til staðar ár frá ári. Að lokum má benda á að í ljósi umræðna um fyrirhugað stéttarfélag þá er mikilvægt að þessar upplýsingar séu fyrir hendi.

Þess ber að geta að óskað var eftir yfirliti um leyfisbréf félagsmanna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og þær upplýsingar voru færðar inn í félagatalið. Alls eru 191 félagsmenn af 301 skráðir með leyfisbréf. Athygli vekur að 31 handhafi leyfisbréfa eru ekki félagsmenn í FNS. Vonandi sjá þessir utanfélagsmenn sér hag í að vera í FNS í framtíðinni t.d. ef til stéttarfélagsmyndunar skyldi koma. Með því að bæta vefinn og félagatalið er verið að reyna að fá sem skýrasta mynd af stéttinni, fag- og fræðipækkingu hennar ásamt fjölda þeirra sem mega kalla sig náms- og starfsráðgjafa.

11. Fjárreiður og félagsgjöld

Félagsgjöld voru 4500 kr. árið 2014. Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2014 er byggður á bókhaldi félagsins. Hagnaður af rekstri félagsins 2014 nam kr. 348.186. Tekjur af félagsgjöldum voru því sem næst óbreyttar frá fyrra ári en rekstrarkostnaður lækkaði.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

12. Styrkir

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

13. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að fjölmörgum öðrum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) RANNÍS. Samtal einstaklinga um ævimenntun en fulltrúi stjórnar sótti ráðstefnuna.
- b) Hvítbók. Menntamálaráðuneytið setti á laggirnar nokkrar nefndir og starfshópa í tengslum við Hvítbók. Félagið lagði fram greinargerð til starfshóps um styttingu á námstíma til stúdentsprófs og átti fulltrúa í starfshópum um læsi og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf eins og áður hefur verið getið.
- c) Fulltrúi stjórnar FNS tók þátt í samevrópsku verkefni um geðheilsu og vellíðan, Joint action for mental health and well being.
- d) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöðin hefur stutt dyggilega við bakið á félaginu og kunnum við henni bestu þakkir.
- e) Þátttaka FNS á fundi SEF (samstarf um endurmenntun framhaldsskóla) en þangað fór fulltrúi stjórnar.
- f) Fundur formanns með mennta- og menningarmálaráðherra og Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur þar sem rætt var um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og fræðslu, einkum í tengslum við vinnu vefsins Næsta skref.
- g) Könnun stjórnar meðal náms- og starfsráðgjafar þar sem m.a. var spurt um starfsaldur, starfshlutfall, fjölda ráðþega á hvern ráðgjafa, leyfisbréf o.fl. Niðurstöður hafa verið sendar félagsmönnum á póstlista FNS.

Lokaorð

Nú er 35. starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa að ljúka. Þetta seinna ár mitt í embætti formanns félagsins hefur ekki verið síður viðburðaríkt en það fyrra. Margir aðilar leita til Félags náms- og starfsráðgjafa og óska eftir þátttöku okkar í ráðum og nefndum, fundum og ráðstefnum. Jafnframt vilja margir heyra um álit okkar á ýmsum málum er snerta t.d. menntun, atvinnulíf og félagslega stöðu einstaklinga og hópa. Samstarfs er óskað í stórum málum eins og t.d. í tengslum við markmið Hvítbókar menntamálaráðherra. Við svörum oftast kallinu. Fjölmargir félagsmenn FNS eru tilbúnir til að leggja á sig vinnu og gefa tíma sinn í þágu náms- og starfsráðgjafar og þeirra málaflokka er snerta náms- og starfsráðgjöf. En stundum gleymumst við líka.

Stundum erum við ekki spurð álits á málefnum sem vissulega snerta okkur. Stundum er líka að okkur vegið. Í opinberum skýrslum, eins og í skýrslu OECD um starfsmenntun á Íslandi frá árinu 2013, er efast um hæfni og þekkingu náms- og starfsráðgjafa til þess að leiðbeina skjólstæðingum sínum á skynsamlegan hátt um náms- og starfsval. Það er jafnframt gefið í skyn að náms- og starfsráðgjafar séu hallir undir bóknám vegna vanþekkingar sinnar á vinnumarkaði. Á þessum tveimur árum sem ég hef verið formaður FNS hafa tveir viðburðir verið langbest sóttir. Annars vegar ráðstefnan *Hugur og hönd* þar sem áhersla var lögð á iðn-, list- og verknám og hins vegar nýleg heimsókn í lðuna fræðslusetur. Af þessu kýs ég að draga þá ályktun að í skýrslu OECD sé einfaldlega farið með rangt mál. Íslenskir náms- og starfsráðgjafar eru ekki frekar hallir undir bóknám. Þeir hafa augljósan áhuga á því að kynna sér náms- og starfsframboð á breiðum vettvangi og ættu að vera fullfærir um að leiðbeina skjólstæðingum sínum á skynsamlegan hátt um náms- og starfsval. Framkvæmdarstýra Jafnréttisstofu lét líka hafa eftir sér nýverið í vefmiðli á Akureyri að náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sé ekki nógu góð hér á landi. Fyrir þessu færir hún engin rök. Enda hefur hún líklega rangt fyrir sér. Við eigum hins vegar erfitt með að bera af okkur slíka gagnrýni því okkur skortir tilfinnanlega að árangur náms- og starfsráðgjafa sé mældur hér á landi. Úr þessu þarf að bæta. Bæði til að koma auga á það sem vel er gert en líka til að laga það sem þarfnast úrbóta. Því þó við séum vissulega að gera marga góða hluti þá má alltaf bæta úr og gera enn betur. Það þarf að efla náms- og starfsfræðslu, það þurfa fleiri að vinna markvisst eftir áætlunum og það þarf að bæta úr því að lög um náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsráðgjafa eru brotin reglulega. Þeir hópar sem eiga lögum samkvæmt að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf hafa það alls ekki alltaf. Eins er enn verið að ráða fólk í stöður náms- og starfsráðgjafa sem ekki hefur til þess tilskilin réttindi. Árum saman var barist fyrir lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Við þurfum að standa vörð um að þessum lögum sé framfylgt. Við þurfum að halda merkjum náms- og starfsráðgjafa á lofti. Í þessu samhengi er sérlega ánægjulegt hve margir félagsmenn skrifuðu gæða greinar sem birtust og fengu athygli í fjölmiðlum á þessu starfsári. Jafnframt var virkni á heimasíðu FNS meiri en oft áður. Slík skrif og önnur umfjöllun styðja við fagmennsku okkar og hvetja vonandi þá, sem hafa með ráðningar náms- og starfsráðgjafa að gera, til að gera betur.

Á undanförunum tveimur árum hef ég ekki farið varhluta af því að um starfspjálfun nema í náms- og starfsráðgjöf, einkum á vettvangi framhaldsskóla, stendur styr. Greiðslur fyrir handleiðslu nema héldust óbreyttar árum saman og það þó tímum í starfspjálfun fjölgaði verulega. Margir náms- og starfsráðgjafar innan KÍ hættu að taka nema til að reyna að þrýsta á hærri greiðslur. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir ötula baráttu ýmissa félagsmanna, ekki síst forvera míns, náðist ekki formlegt samkomulag milli KÍ og HÍ. Á fundi mínum með forsvarsmönnum KÍ fyrr í vetur skynjaði ég ekki að þetta mál væri þeim ofarlega í huga og gat ekki fundið að lausn væri í sjónmáli. Aðilar úr núverandi stjórn FNS hafa fundað nokkrum sinnum með námsbraut í náms- og starfsráðgjöf vegna málsins á undanförunum tveimur árum. Þar hefur komið fram sameiginlegur vilji til að leita leiða til að greiða úr deilu sem hefur staðið yfir alltof

lengi án árangurs. Samningsumboð vegna þessa er hins vegar hvorki í höndum FNS né námsbrautarinnar og því ekki hægt um vik. Nú nýverið óskaði námsbrautin eftir handleiðurum fyrir nema. Í pósti til félagsmanna kom fram að greiðsla til handleiðara hækki nú úr 100 þúsund krónum í 120 þúsund krónur, að tímum í starfsþjálfun fækki úr 240 í 200 tíma og að handleiðurum verði boðið upp á metnaðarfullt námskeið í handleiðslu. Jafnframt verða greiðslur til handleiðara hér eftir tengdar greiðslum til stundakennara, þ.e.a.s. þær hækka til jafns við þær hækkanir sem stundakennarar við HÍ kunna að fá. Þessu fagna ég og finnst augljóst að vilji er hjá námsbrautinni til þess að koma til móts við óskir félagsmanna FNS. Í samtölum mínum við félagsmenn hef ég skynjað að það ríkir ekki einhugur um þetta mikilvæga mál. Tvö sjónarmið takast einkum á, jafnvel hjá einni og sömu manneskjunni. Annars vegar það sem lýtur að kjaramálum og hins vegar faglegur framgangur stéttarinnar. Ég ber fulla virðingu fyrir báðum sjónarmiðum. En í ljósi þessa er það mín skoðun að hver og einn félagsmaður verði að gera það upp við sig hvort hann sé tilbúinn að taka að sér handleiðslu nema fyrir þau laun sem í boði eru hverju sinni. Í mínum huga er FNS fyrst og fremst fagfélag. Hin fjölmörgu stéttarfélag sem félagsmenn FNS eiga aðild að eiga að sjá um að berjast fyrir bættum kjörum náms- og starfsráðgjafa eins og annarra félagsmanna sinna.

Þetta leiðir að umræðunni um stéttarfélagsmál náms- og starfsráðgjafa almennt en árum saman hefur verið rætt um það innan FNS hvort ekki þurfi að stofna sérstakt stéttarfélag náms- og starfsráðgjafa. Eins og fram kom í skýrslu stjórnar hefur nefnd um málefnið verið sett á laggirnar og stofnað til samstarfs við hlutlausan fagaðila. Það verður spennandi að sjá, að ári liðni, niðurstöður úr þessari vinnu.

Það eru fleiri verkefni sem fráfarandi stjórn leggur í hendurnar á nýrri. Það þarf að festa betur í sessi samstarf um framhaldsskólakynningar og eru viðræður þar að lútandi hafnar við Skólameistarafélag Íslands. Það þarf að tengja atvinnulífið betur inn í skólakynningarnar og hafa Samtök atvinnulífsins lýst yfir áhuga á að taka þátt í því. Síðastliðið vor skipaði Mennta- menningarmálaráðuneytið starfshóp um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Fljótlega er von á skýrslu starfshópsins. Það er afar mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar þrýsti á að tillögur hópsins nái fram að ganga. Eitt af því sem þarf að gera er að ljúka við vefinn Næsta skref en þar gæti verið komið verkfæri sem okkur hefur lengi vantað. Það þarf að skipa náms- og starfsráðgjöf þann sess sem hún ætti að hafa sem einn af grunnþáttum í stoðþjónustu við námsmenn, atvinnuleitendur og aðra þá er standa á tímamótum á náms- og starfsferli sínum.

Að lokum langar mig að segja ykkur frá því hve ánægð ég er að hafa tekist á við þá áskorun að verða formaður Félags náms- og starfsráðgjafa. Reynslan hefur í alla staði verið jákvæð. Ég hef í gegnum starfið kynnst fjölmörgum félagsmönnum, fengið betri innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa á breiðum vettvangi og fengið tækifæri til að hafa áhrif og til að taka þátt í samstarfi við ýmsa aðila innan og utan stéttarinnar. Ekki síst hef ég notið þeirra forréttinda að starfa náðið með öflugum, skipulögðum og skemmtilegum stjórnarkonum. Ég hvet ykkur eindregið, sem ekki hafið reynt, að vera óhrædd að takast á við hlutverk innan félagsins og vona að þið hin, sem eruð orðin

hokin af reynslu, haldið áfram að setja mark ykkar á starf Félags náms- og starfsráðgjafa.

Fyrir hönd stjórnar FNS þakka ég ykkur öllum kærlega fyrir samstarfið.

Með kveðju,

Helga Helgadóttir,

fráfarandi formaður FNS.